

Minnisblað

Dagsetning: 02.05.2024
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun – NÁTT
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands – NSV

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2024 - Tröllabörn

Tröllabörn er nafn á hraundrýlum sem staðsett eru skammt neðan Lækjarbotna við Suðurlandsveg. Tröllabörn mynduðust í eldgosinu úr eldstöðinni Leitum austan Bláfjalla fyrir 5.000 árum. Þá flæddi hraun yfir mýrlendi, eða stöðuvatn, sem varð til þess að vatnsgufa safnaðist fyrir undir þunnu, nýstorknuðu hrauni og braut sér síðan leið í gegnum það.¹ Kvikuslettur hlóðust þá upp um ústreymisopið og mynduðu þessi hraundrýli. Sérstaða svæðisins er því mikill þéttleiki þessara hraundrýla, en þar að auki má finna gervígga á svæðinu og er gígurinn Gráhóll áberandi stærstur eða um 100 m í þvermál. Tröllabörn og 46.658 m² svæði umhverfis þau voru friðlýst sem náttúruvætti árið 1983² og er því mikilvægt að hafa eftirlit með svæðinu.

Framkvæmd

Tröllabörn voru heimsótt þann 30. apríl 2024 (ÓPJ). Gengið var um svæðið og Field Maps hugbúnaðurinn notaður með farsíma til að endurtaka ljósmyndir frá síðustu vöktun sem framkvæmd var sumarið 2022. Ekki voru allar ljósmyndir frá fyrri vöktun hentugar til að endurtaka því þær voru ýmist ekki nógu skýrar, viðfangsefnið óljóst eða erfitt að finna hvar nákvæmlega þær höfðu verið teknar. Því voru einungis vel valdar myndir endurteknar, þ.e. myndir af innviðum s.s. stígum og skiltum og myndir af öllum hraundrýlum- (1. mynd) og dropasteinsmyndunum innan úr þeim. Einnig voru teknar nýjar myndir þar sem þurfa þótti, t.d. af nýjum veg við jaðar svæðisins og eins af borða sem notaður var til að afmarka svæðið vegna nálægra framkvæmda. Field Maps hugbúnaðurinn var einnig notaður til að kortleggja gönguleið sem búið var að stika í gegnum svæðið. Að lokum var dróna flogið yfir svæðið og sami flugferill notaður og í síðustu vöktun til að útbúa kortmynd.



1. mynd. Eitt fjölmarga hraundrýla á svæðinu. Þau eru hol að innan og þar má oft finna dropasteinsmyndanir.
Mynd: ÓPJ.

Ástandsmat og frumniðurstöður


Þar sem gengið er inn á svæði Tröllabarna er upplýsingaskilti með fínnum texta og skýringamyndum en það er hins vegar orðið nokkuð máð og upplitað og mætti því endurnýja. Þar tekur við stígur með aðfluttri möl sem liggur fram hjá fyrstu hraundrýlunum en endar svo snarlega. Frá síðustu úttekkt árið 2022 hefur verið bætt við stikum (2. mynd) sem taka við af stignum og mynda þær leið að Gráhól. Settur hefur verið upp borði umhverfis svæðið sem afmarkar það frá framkvæmdum sem standa yfir í nágrenninu en ekki var að sjá að framkvæmdirnar hafi haft nein áhrif á friðaða svæðið. Að öðru leiti var ekki að sjá að ástand svæðisins hefði breyst frá síðustu vöktun sem bendir til að álag vegna ferðamanna sé ekki að aukast (3. mynd).



2. mynd. Hér má sjá stikur sem settar hafa verið upp til að búa til leið frá Tröllabörnum að Gráhól. Mynd: ÓPJ.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Megin ástæða þess að lagt var til að svæðið yrði tekið út aftur voru framkvæmdir í nágrenni við það. Þar sem ekki er að sjá að framkvæmdirnar hafi haft nein áhrif á svæðið eða að ásynnd þess sé að breytast vegna ágangs ferðamanna er það mat NSV að ekki þurfi að heimsækja svæðið aftur fyrr en að nokkrum árum liðnum.



3. mynd. Drónakortmyndir af Tröllabörnum. Efri mynd er tekin árið 2024 og neðri mynd er tekin árið 2022.
Myndir: ÓPJ.

Heimildir

1. Jón Jónsson. 1971. Hraun í nágrenni Reykjavíkur I. Leitahraun. Náttúrufræðingurinn 41 (2), 49-63.
2. Auglýsing um friðlýsingu Tröllabarna í Lækjarbotnum, Kópavogi. Stjórnartíðindi B 294/1983 (sérprentun 439).